

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## 10. gr.

Hitaveitunni er heimilt að krefja notanda um greiðslu innheimtugjalds hafi komið til stöðvunar orkuafhendingar og skal gjaldið vera . . . . . kr. 1 200,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en orkuafhending er hafin á ný. Þó ekki komi til stöðvunar orkuafhendingar er hitaveitunni heimilt að krefja notandann um innheimtugjald vegna undirbúnings að stöðvun.

## 11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1990, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 621, 27. desember 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. september 1990.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## SAMÞYKKT

### um forkaupsrétt Þingeyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu að fasteignum innan hreppsins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932, samþykkir hreppsnefnd Þingeyrarhrepps að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan hreppsins vegna gerðar aðal- og deiliskipulags fyrir Þingeyrarkauptún.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Birtist hún hér með til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. september 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.